



Byggðaráð Blönduósþæjar - 52. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 24. febrúar 2016
og hófst kl. 17:00

Fundinn sátu:

Zophonías Ari Lárusson formaður
Guðmundur Haukur Jakobsson varaformaður
Oddný María Gunnarsdóttir aðalmaður
Arnar Þór Sævarsson sveitarstjóri

Fundargerð ritaði: Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri Blönduósþæjar

Dagskrá:

1. Lánasjóður sveitarfélaga - auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga - 1602015

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga hefur skipað kjörnefnd til undirbúnings kjörs stjórnar og varastjórnar á aðalfundi sjóðsins. Kjörnefnd óskar eftir tilnefningum og/eða framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

2. Erindi frá Sigurlaugu G.I. Gísladóttur - 1602001

Sigurlaug G.I. Gísladóttir óskar eftir viðræðum við sveitarstjórn um að hýsa og reka upplýsingamiðstöð ferðamanna á Blönduósi.

Byggðaráð þakkar sýndan áhuga og upplýsir um leið að undirbúningur er þegar hafinn að uppsetningu upplýsingamiðstöðvar í Héraðsbókasafninu á Blönduósi.

3. Styrkumsókn frá Selmu Svavarsdóttur - 1602016

Undirbúningshópur um heimavinnslu matvæla óskar eftir styrk frá sveitarfélaginu til að mæta kostnaði við að halda fund um málefnið. Kostnaðurinn felst aðallega í að fá Óla Þór Hilmarsson, sérfræðing hjá Matís og Þorstein R. Þorsteinsson bónda í Vallakoti í S-Þingeyjarsýslu til að mæta á fundinn og halda framsögu um heimavinnslu matvæla.

Byggðaráð samþykkir kr. 30.000. Fært af lið 0589-9991.

4. Viðauki við fjárhagsáætlun Blönduósþæjar 2016 - 1602019

Sveitarfélögin sem eiga Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna hafa gert með sér þjónustusamning um fyrirkomulag á rekstri safnsins sem tók gildi í upphafi árs 2015. Eldra uppgjör vegna safnsins er ólokið og eru eftirstöðvar sveitarfélaganna í Austur-Húnavatnssýslu samtals 1.723.762, og þar af er hlutur Blönduósþæjar kr. 797.078.

Byggðaráð samþykkir að leggja það til við sveitarstjórn Blönduósþæjar að samþykkja viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna uppgjörs á eldri skuld við Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna.

Viðauki að upphæð kr.797.078 færir á rekstrarlið 0534-9611. Fjármagnað með eigin fé.



5. Sýslumaðurinn á Blönduósi - afskriftarbeiðni - 1602018

Sýslumaðurinn á Blönduósi hefur óskað eftir afskriftum á óuppgerðum gjöldum einstaklinga við Blönduós.

Fært í trúnaðarbók.

6. Önnur mál – 1506021

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:50

Zophonías Ari Lárusson

Guðmundur Haukur Jakobsson

Oddný María Gunnarsdóttir

Arnar Þór Sævarsson
